

Hrunadans neysluhyggjunnar

BÆKUR

SKAFTI Þ. HALLDÓRSSON



LJÓÐ | Tvítólaveizlan

eftir Ófeig Sigurðsson. Nýhil 2008 - 70 bls.

Í einhvers konar inngangi að ljóðabók sinni Tvítólaveizlan kemst Ófeigur Sigurðsson svo að orði að veisla tvítólanna sé draumur. Hann vinnur að einhverju leyti út frá þeirri hugmynd að trúarbrögð heimsins eigi sér upphaf í dýrkun æxlunar og skaparinn rísi úr djúpinu sem tvíkynja guð. Það sé forsenda æxlunarinnar í upphafi. Sannarlega er bók Ófeigs draumkennd og hún er að ýmsu leyti veisla fyrir augað þó að hún sé ekki alltaf fögur því að veislan er í reynd óhófskennd orgía.

Ljóðabókin er í raun einn flokkur ljóða. Þau hafa enga titla en eru augljóslega efnislega og stíllega skyld. Myndheimur ljóðanna einkennist af forneskjulegum og goðsagnakenndum kynjaverumyndum sem eru tengdar kynsósa raunheimi fullum með alls kyns slím, vökva og ýmiss konar úrgang en opnar okkur einnig sýn í martraðakennt helvíti þar sem neyslan er í forgrunni eða öllu heldur afleiðing hennar. Kveðskapurinn einkennist því af einhvers konar stefjaleik þar sem neysluhyggjan og kynferðishyggjan er í forgrunni. Endalaust er

í okkur troðið, ýmist við matarborð, í kynferðislegum leikjum eða með sprautunálum.

Veislustjórinn hefur upp sína rifnu raust í örvandi stormræðu að aldrei skuli hætta að matast svala þörf sinni drekkja sér í nautn

hámið í ykkur vanþakklátt lífið það lengist ekki svo lengi óháð gjaldi

Á bak við þessa hedónisku sýn er þó siðferðisleg afstaða, einhver þrúskandi andi. Annars væru lýsingarnar á neyslunni og ofgnóttinni ekki svona uppfullar af vitundinni um hrunadansinn. Kveðskapurinn minnir hvað þetta varðar um sumt á eldri verk Megasar á borð við Jason og gullna reifið en er þó án hinna sterku og áþreifanlegu samfélagslegu skírskotana sem einkenndu verk meistarans.

Stíllinn er flæðandi, setningar skarast og falla jafnvel hver inn í aðra, greinarmerkjalaust. Fyrir þragðið er kveðskapurinn harður undir tönn. Á hinn bóginn er þetta kraftmikill kveðskapur og myndríkur og óneitanlega tengir hann sig við tímann.



Leyndarmál og lygar

BÆKUR

STEINUNN INGA ÓTTARSDÓTTIR



SKÁLDSAGA | Dóttir myndasmiðsins

Eftir Kim Edwards. Ólúf Eldjárn þýddi. Titill á frummáli: The Memory Keeper's Daughter 512 bls. Mál og menning, 2008

Sagan hefst í Bandaríkjunum á sjöunda áratugnum. Nýgiftu læknishjónin David og Nora eignast tvíbura, dreng og stúlku. Í ljós kemur að stúlkan er með Downs-heilkenni og David tekur þá orlagaríku ákvörðun að segja Noru sem liggur meðvitundarlaus á sænginni að hún hafi dáið í fæðingu. Hann felur hjúkrunarkonu, Caroline, að fara með barnið á hæli og telur sig þar hafa verndað unga konu sína og son. Caroline fær ekki af sér að skilja stúlkuna eftir en fer og elur hana upp sem sína eigin dóttur. Ákvörðun Davids hefur djúpstæð áhrif á fjölskylduna, leyndarmál hans myndar vegg á milli hans og annarra. Nora er frávíta af sorg en skilur ekkert í því af hverju David er sífellt fjarlægur og sakbitinn. Hún er síhrædd um soninn en hann hugsar oft til systur sinnar sem hann missti. Fjölskyldulífið verður öllum óbærilegt í áratugi. En litla stúlkan vex og dafnar í ást og öryggi og er

mikill gleðigjafi í lífi Caroline. Það er hins vegar spurning hvort það er rétt af henni að þegja yfir leyndarmálinu.

Persónur sögunnar eru vel úr garði gerðar, djúpar og næmar. David glímir við þráhyggju og reynir að fanga heiminn í ljósmyndir, skilgreina form, birtu og skugga í öruggri fjarlægð á bak við linsuna. Það tekur Noru mörg ár að brjótast undan valdi hans og áhrifum, líf hennar mótast mjög af barnsmislinum og loks er sorgin það eina sem tengir þau hjónin saman. Ákvörðun Davids má eflaust sýna skilning að vissu marki, fordómar í garð þroskaheftra á þessum tíma voru miklir og sjálfur er hann bugaður af eigin bernsku, systurmissi og ofurást á Noru: „Hann vildi ekkert fremur en að viðkvæmt skipulag lífs þeirra héldi áfram að vera öruggt, að hlutirnir héldust alveg eins og þeir voru. Að heimurinn breyttist ekki, að þetta brothætta jafnvægi milli þeirra entist“ (152). En enginn getur haldið heiminum saman fyrir aðra, lífið er hverfult og flækjur, lygar og leyndardómar alls staðar. Dóttir myndasmiðsins er mjög dramátísk saga og hefur þegar verið kvikmynduð. Bókin er langdregin en frásögnin alltaf hlý og nærfærin. Persónurnar vekja meðlíðan, þær eru breyskar, viðkvæmar og mannlegar. Öndvegisþýðing Ólafar Eldjárn kemur langorðum og ljóðrænum texta, grimmum örlögum og sál-arflækjum persónanna afar vel til skila.

Hið fullkomna

TÓNLIST

Jónas Sen



HÁSKÓLABÍÓ | Sinfóníutónleikar ★★★★★

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti sinfóníur nr. 1 og 3 og fiðlukonsertinn eftir Sibelius. Einleikari: Sigrún Eðvaldsdóttir. Stjórnandi: Petri Sakari. Fimmtudagur 16. október.

Sumir hafa séð í sinfóníunni sem listformi hið fullkomna þjóðfélag. Og nokkuð er til í því. Sinfóníuhljómsveit samanstendur af ólíkum hópum sem eru jafn mikilvægir og allir lúta stjórn yfirvaldsins. En fáeinir einstaklingar skara fram úr, einstaklingar sem hafa óvanalegar gáfur eða eitthvað annað merkilegt til brunns að bera. Og þar kemur einleikskonsertinn til sögunnar. Einleikskonsert er sinfónía þar sem einstaklingurinn hristir upp í þjóðfélaginu. Hann fær að skína, hann fær að njóta sín sem einstök persóna.

Það var einmitt einleikskonsert á dag-skránni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið, fiðlukonsertinn eftir Sibelius. Í þetta sinn var einleikarinn Sigrún Eðvaldsdóttir. Svo ég leyfi mér að nota klisju, þá má segja að Sigrún hafi komið, séð og sigrað. Vissulega mátti greina hnökra hér og þar, vissulega voru einstaka nótur ekki alveg nákvæmar, eða hrynrænt jafnvægi á milli einleiksfiðlunnar og hljómsveitarinnar gallalaust. En það skipti litlu máli. Sigrún gæddi leik sinn sterkum tilfinningum og spilaði af ótrúlegum glæsileik; fyrir þragðið var túlkun hennar lifandi og ekta. Allur ofsinn sem býr í verkinu fékk að njóta sín, þetta var ekki tónlist á geisladiski, gerilsneydd og dauð, heldur lifandi af holdi og blóði.

Og lifandi átti hún líka að vera. Tónlist Sibeliusar á rætur sínar að rekja til níttjándu aldarinnar þótt aðeins séu um fimmtíu ár síðan hann lést. Hún er gegnsýr af rómantík, og ekki bara rómantík, heldur finnskri þjóðernisrómantík. Sibelius ætlaði sér alltaf að verða þjóðartónskáld Finnlands og tónlist

Stærð og kraftur, vandmeðfarinn efniviður



MYNDLIST

Þóra Þórisdóttir



LISTASAFN REYKJAVÍKUR HAFNARHÚS

Rúri, gjörningur í samstarfi við tónlistarmanninn Jóhann Jóhannsson, Nýlókórinn, Matthías Hemstock og fleiri. ★★★★★

Gjörningurinn Vocal IV var fluttur sunnudaginn 12. október

GJÖRNINGUR Rúrjár í Hafnarhúsinu síðastliðinn sunnudag í boði Sequences-listahátíðarinnar var bæði stór og mikill þar sem kvikmynd af kraftmiklum foss-um Íslands var varpað á gríðarstór tjöld og drunurnar magnaðar upp í hátal-arakerfi svo að upplifunin jafnaðist á við roktónleika. Rúri magnaði einnig upp myndir af risastórum rafmagnsmöstrum og rafmagnslínunum sem var síðan bland- að saman við fossamyndirnar á drama- tískan hátt. Hljómlistarmenn spiluðu með fossadrönum og Nýlókórinn bætti við raddgjörningi þar sem meðal annars voru lesin upp textabrot úr um- ræðum á netmiðlum um virkjanir.

Textabrotin voru reyndar ekki lesin upp heldur frekar öskruð fram á mjög árásarkenndan hátt og á tímabili varð

gjörningurinn að óþolandi og lang- dregnum hávaða sem nálgast eða fór jafnvel yfir sársaukamörk. Hinn póli- tíski andi sem Rúri skapar gjarnan í gjörningum sínum fékk hér á sig blæ áróðurskenndra, ofstopafullra bylting- arsinna sem aftur skapar einhvern óhugnað, sérstaklega í því andrúmslofti sem nú ríkir á Íslandi í kjölfar fjár- málahamfaranna.

Á sama tíma og kapitalisminn er kom- inn í þrot þá horfa margir til frekari virkjunar hér til að bjarga afkomu okk- ar á komandi árum. Það er því ekki minni ástæða til þess nú en fyrir krepp- una að verja gildi náttúrunnar og gjörn- ingurinn þannig verðugt innlegg beint inn í aðstæðurnar. Rúri er einn af okkar allra bestu gjörningalistamönnum og óhætt að segja að verkið hafi staðist væntingar um dúndrandi upplifun. Kraftur og stærð gjörningsins kallast vitanlega á við kraft og stærð fossanna og einnig virkjananna og eflaust átti hann að vera óþægilegur á köflum. Gjörningurinn í heild var þó ekki eins vel útfærður eða heppnaðist ekki eins vel og hinn magnaði og eftirminnilegi gjörningur Rúrjár í Hallgrímskirkju ár- ið 2005 þar sem andinn í útfærslunni höfðaði meira til hinnar jákvæðu nátt- úru í mannum en hinnar neikvæðu.

Dúndrandi upplifun

„Rúri er einn af okkar allra bestu gjörningalistamönnum og óhætt að segja að verkið hafi staðist væntingar um dúndrandi upplifun.“

Morgunblaðið/Arni Sæberg